

DKG

INTERNATIONAL SOCIETY
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

Vorbréf 2022

*Félag kvenna í fræðslustörfum
á Íslandi*



Víkivaki (Sunnan yfir sæinn)

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylinn vindar leiða.
Draumalandið himinheiða
hlær - og opnar skautið sitt.

Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt !

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin.
Mundu, að það er stutt hver stundin,
stopult jarðneskt yndi þitt.

Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt !

Allt hið liðna er ljúft að geyma –
láta sig í vöku dreyma.
Sólskinsdögum síst má gleyma,
segðu engum manni hitt !

Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt.

Lag: Valgeir Guðjónsson Texti: Jóhannes úr Kötlum



Samskipta- og útgáfunefnd óskar félagskonum DKG gleðilegs og gróðursæls sumars!

Útgáfunefnd sendir nú frá sér sitt annað fréttabréf frá því hún var skipuð sl. haust. Við kölluðum eftir fréttum frá deildum í tölvupósti til formanna um miðjan apríl og hafa viðbrögðin við beiðni nefndarkvenna um efni almennt verið góð. Þannig að nú birtum við að vori 2022 fréttir frá nær öllum deildum.

Nefndin þakkar formönnum deilda sem sendu inn efni og myndir sem sýna fjölbreytt starf deildanna.

Forseti DKG Guðrún Edda Bentsdóttir skrifar fréttir frá *landssambandsstjórn þar sem hún talar um eftirvæntinguna, gleðina og samhuginn sem einkenndi vorráðstefnu DKG sem haldin var 7. maí síðastliðinn*. Ritari landssambandsstjórnar, Þorgerður Á Jóhannsdóttir, gerir síðan frekari grein fyrir ráðstefnunni í lok þessa fréttabréfs.

Það er vel þegið að fá uppástungur frá félagskonum til samskipta- og útgáfunefndar DKG um efni í fréttablaðið hvort sem það er um viðburði eða ábendingar um áhugaverðar framsögur sem fluttar hafa verið í deildum. Næsta blað kemur á haustdögum 2022.

Með sumarkveðju.

Samskipta- og útgáfunefnd DKG:
Birna Sigurjónsdóttir
Iðunn Antonsdóttir
Kristín Björk Jóhannsdóttir





Fréttir frá stjórn landssambands DKG á Íslandi

Fréttabréf DKG vor 2022
Kveðja frá landssambandsforseta



Kæru DKG systur.
Ég vil byrja á að þakka þeim sem komu að undirbúningi og framkvæmd vorráðstefnunnar okkar á Grand hóteli 7. maí sl. Það var ómetanlegt að

finna eftirvæntinguna, gleðina og samhuginn sem einkenndi þennan dag. Um 60 félagskonur nutu þess að hlýða á afar fróðleg erindi og ræða við fyrirlesarana og sín á milli um efni þeirra. Viðfangsefni voru sérlega viðeigandi nú þegar við erum öll að reyna að átta okkur á hvaða áhrif faraldurinn hefur haft á líf okkar og störf og hvaða áhrif hann kemur e.t.v. til með að hafa í framtíðinni. Sérstaka gleði vakti þegar Soffía Vagnsdóttir í Kappa-deildinni hljóp í skarðið fyrir hljóðfæraleikara sem forfallaðist og tók upp harmonikkuna sína og spilaði undir fjöldasöng. Nokkrar systur gátu meira að segja ekki stillt sig um að stíga nokkur dansspor þegar Hreðavatnsvalsinn var á dagskrá. Ritari landssambandsstjórnar, Þorgerður Á Jóhannsdóttir, gerir nánari grein fyrir ráðstefnunni annars staðar í þessu fréttabréfi.

Upptökur af fyrirlestrum ráðstefnunnar er að finna [hér](#).

Þetta starfsár einkenndist af mörgum fjarfundum og tilboðum um margs konar fræðslu með fjarfundasniði. Ákveðið var að fækka erindinum á vegum Europe Forum um helming þannig að fjögur erindi frá evrópsku landssamböndunum yrðu á dagskrá á ári. Vonandi verður það til að sem flestar okkar nái að fylgjast með og hlýða á þau áhugaverðu erindi sem þar eru í boði.

Ég geri ráð fyrir að nú hafi allar deildir kosið sér nýja stjórn og bið ég formenn deildanna að tilkynna um breytingar á stjórn sinnar deildir á netfangið:

guðrun.edda.bentsdottir@reykjavik.is.

Ég óska nýjum stjórnnum velfarnaðar í þeirra störfum næstu tvö árin og hlakka til að vinna með þeim á næsta starfsári. Einnig verður spennandi að heyra hvernig til hefur tekist að fjölga félagskonum í deildunum eins og stefnt er að í framkvæmdaáætlun okkar.

Að endingu vil ég þakka ykkur öllum samstarfið á þessu starfsári og óska ykku öllum bjarttra og hlýrra sumardaga með sól í hjarta og sinni.



Fyrir hönd landssambandsstjórnar,

Guðrún Edda Bentsdóttir, forseti.



Frá deildum

Alfa

Á vorönn 2022 í Alfadeild voru haldnir tveir fundir og var þetta síðasta tímabil stjórnarinnar sem kjörin var í september 2020. Starfsemin á árunum 2020 til 2022 litaðist að sjálfsögðu af veirunni margumtöluðu eins og annars staðar en reynt að halda dampi eins og unnt var.

Fyrri fundurinn eftir áramót var haldinn í Borgaskóla 22. mars hjá Árnýju Ingu Pálsdóttur skólastjóra. Bjartsýni ríkti enda fannst okkur vor í lofti og kominn tími til að hittast í raunheimum. En skrambans veiran var enn á sveimi og héldu margar konur að sér höndum því að fáar komu. Þær sem komu nutu þó fundarins hið besta enda vel tekið á móti þeim. Nanna Christensen kynnti leiðsagnarnám og Árný greindi frá því hvernig leiðsagnarnámið litaði skólstarfið. Konur skoðuðu síðan skólann og þáðu veitingar.

Aðalfundur var svo haldinn 18. maí sl. í blíðskaparveðri. Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum fóru fram stjórnarskipti. Hrund Logadóttir tók við formennsku og með henni í stjórn eru þrjár konur sem eiga eftir að skipta með sér verkum.

Erna Árnadóttir minntist látinnar deildarkonu, Sigríðar Kristjánsdóttur, og las ljóð. Að því búnu var skálað fyrir vorinu með tilheyrandi meðlæti og kvöddust konur með gleði í sinni og héldu út í sumarið.

Erna Árnadóttir fráfarandi formaður Alfa-deildar





Beta

Beta-deild tók upp þráðinn á starfsárinu 18. janúar sl. með hinum árlega bókafundi. Í annað skiptið í sögunni var fundurinn rafrænn og rétt eins og síðast gekk hann afar vel. Beta-konum tókst þannig að fjalla um 17 bækur á einu kvöldi! Ekki síður er þetta athyglisvert þegar haft er í huga að fundarkonur eru ekkert endilega sammála um bókadóma og duglegar að skiptast á skoðunum.

Annar fundur deildarinnar árið 2022 var einnig rafrænn og þá nýttu Beta-systur tækifærið að hlusta saman á erindi Elvu Ýrar Gylfadóttur um upplýsingaóreiðu sem finna má á vef samtakanna okkar. Erindið vakti félagskonur til umhugsunar og í kjölfarið skunduðu Beta-systur í umræðuherbergi til að fara yfir efni erindis Elvu Ýrar. Þar var rætt hvernig við getum verið gagnrýnni við lestur fréttæfnis og notkun á samfélagsmiðlum.

Loksins var svo komið að staðfundi sem haldinn var í Menntaskólanum á Akureyri 31. mars. Gestur fundarins var Snorri Björnsson kynjafræðikennari í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Snorri ræddi nálgun sína og annarra



kynjafræðikennara á fagið og bauð upp á fjörugar umræður og skoðanaskipti á eftir.

Næst síðasti fundur starfsársins fór fram í lok apríl og hann var haldinn í Félagsborg á Hrafnagili. Fundinn sátu þrjár konur sem boðin hefur verið innganga í Beta-deild. Þær fá nú tíma til að kynna sér deildarstarfið og hvað fer fram á fundum. Gestur fundarins skildi engan

eftir ósnortinn en það var Natalia Kravtchouk sem fæddist og ólst upp í Úkraínu. Natalia fluttist til Íslands árið 1994, þá einstæð 2ja barna móðir. Natalia sagði frá



uppvaxtarárum sínum í Úkraínu á tímum Sovétríkjana, fjölskyldu sinni og tildrögum þess að hún kaus að flytjast til Íslands. Natalia hefur líka búið í Hvíta-Rússlandi og gat því sett núverandi ástand í víðara samhengi og fræddi hún okkur sem þekkjum minna til. Frásögn þessarar hugrökku konu hreyfði við Beta-systrum og hristi upp í þeim. Barátta hennar að sækja sér menntun og skapa betra og öruggara líf fyrir drengina sína á sér vart hliðstæðu í íslenskum veruleika. Kvöldið var kennslustund í þakklæti og þörf áminning til okkar að standa með því fólk sem hrekst til Íslands undan sprengjuregni og átökum.

Þegar þessi orð eru skrifuð er lokafundurinn framundan. Dagskráin er enn óljós en norðlenska vorið lofar góðu og mögulega ljúka Beta-systur vetrarstarfinu með lítilli ferð út í buskann. Meira um það síðar.

Hildur Hauksdóttir, formaður Beta-deildar



Gamma

Janúar

Í upphafi nýs árs var veiran enn að angra okkur og samfélagið í varnarstöðu. Hugur stóð til að halda ljóðafund í janúar en ákveðið að sjá til og athuga hvort grænt ljós frá þríeykinu yrði raunin milli élja. Sú varð ekki raunin og ákvað stjórnin að fresta ljóðafundi.

Febrúar

Þegar leið á febrúar myndaðist glufa og hittust



Gammakonur í Mixtúru, Nýsköpunarsmiðju menntamála (NýMið) hjá Reykjavíkurborg. Þar tóku á móti okkur kennsluráðgjafarnir Bjarnís Fjóra Jónsdóttir Gammakona ásamt Hildi Ástu Viggósdóttur og Þorbjörgu Þorsteinsdóttur.

Mixtúra er ein tenginga Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og vettvangs, þ.e. sjálfs skóla- og frístundastarfsins í því gróskuverkefni sem borgin stendur fyrir. Þær Bjarnís, Hildur Ásta og Þorbjörg halda námskeið í grunnskólum og á netinu fyrir bæði starfsfólkið og nemendur. Markmiðið er að skapa flæði á milli menntastefnu sviðsins og starfsins á vettvangi með því m.a. að búa til leiðbeiningar fyrir starfsfólkið, halda námskeið, fá fram reynslu þess og styðja við það. Mixtúra er eins konar millistykki eða fjöltengi ef svo má segja. Í Mixtúru er sköpunar- og tækniver, þar er efni og

búnaður miðlægur sem skólarnir geta fengið að láni.

Skólastarfsmenn Reykjavíkurborgar hafa alltaf forgang en annars eru allir velkomnir, s.s. frá öðrum sveitarfélögum. Unnið hefur verið með öllum aldurshópum nemenda að meðtöldum börnum í leikskóla. Þær stöllur nefndu hvað kennarar væru í raun heppnir að þurfa að tileinka sér alla mögulega tækni og setja sig inn í nýja hluti. Þær tóku jafnframt fram að tækin gera ekki neitt ein og sér en þau styðja og veita fleiri stoðir og tækifæri í skólastarfinu. Um leið býður fjölbreytt og skapandi starf upp á meiri jöfnuð í skólaumhverfinu.

Þeirra framtíðarsýn er sú að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Að kynningu lokinni skapaðist líflæg umræða um fjölbreytta kennslu með stafrænum stoðum og hvernig þær nýtast bæði í hópum og einstaklingsmiðuðu námi.

Mars

Gammakonum þótti áhugavert að vita var hvernig stærri fyrirtæki og stofnanir í samfélaginu takast á við umhverfismálin. Almennigur er sífellt meðvitaðri um kolefnisfótspor sitt. Á mörgum heimilum er unnið ötullega að flokkun og hugað að neyslu, en stundum upplifa einstaklingar sig sem það í stóra samhenginu. Ábyrgð þeirra sem hafa meiri umsvif og áhrif út í samfélagið er því mikil.

Með þessar hugleiðingar í farteskinu var í byrjun mars haldið í höfuðstöðvar Krónunnar á Dalvegi 10-14 í Kópavogi þar sem við fengum kynningu



á því sem fram kemur í samfélagsskýrslu Krónunnar, m.a. um umhverfisstefnu, nýsköpun og lýðheilsu. Hjördís Elsa Ásgeirsdóttir, markaðsstjóri býr yfir mikilli þekkingu á þessu sviði. Hún tók einstaklega vel á móti okkur með úrvals veitingum og brosi á vör.

Krónan hefur nýtt tæknina til að einfalda líf viðskiptavina. Enginn hefur misst vinnuna frá því snjalllausnir voru innleiddar. Starfsfólk hefur fengið nýtt hlutverk og vinnan löguð að nýju umhverfi. Mikil áhersla er á bætt neysluhætti. Liður í því er að huga að uppstillingu og úrvali vörutegunda sem hefur áhrif á kauphegðun. Hollari valkosturinn er í fyrirrúmi, ekkert nammi er við afgreiðslukassa og boðið upp á bita fyrir börnin sem eru ávextir í körfu þegar gengið er inn í búðina. Þetta skapar viðskiptavild en gefur líka góð skilaboð.

Formleg umhverfisstefna er leiðarstef og er Krónan fyrsta svansvottaða verslunin á Íslandi. Hjördís sagði m.a. frá verkefnum eins og skiptikörfu fyrir fjölnota poka sem var aftur tekin í gagnið eftir síðustu Covidbylgju. Einnig afþökkunarborði þar sem hægt er að skila umbúðum til endurvinnslu áður en heim er haldið. Hún tók fram að allt plast sem Krónan sendir í endurvinnslu sé endurunnið á Íslandi. Í samstarfi við íslenskt frumkvöðlafyrirtæki hafa t.a.m. verið búnir til verðlaunapeningar fyrir Krónumótið úr endurunnu plasti. Hugað er að orkunotkun og með led-lýsingu og lokuðum kælum hefur náðst sparnaður. Aukin áhersla er á umbúðalausar lausnir eins og Sápubarinn og Hreppamjólk í sjálf sala sem og umbúðalaust íslenskt grænmeti á uppskerutíma. Reynt er að flytja sem mest af vörum frá birgjum í fjölnota kössum til að minnka pappu og þar með kolefnisspor. Von er á grænum kerrum í fleiri búðir sem unnar eru úr plasti sem veitt hefur

verið úr sjó. Fjörugar umræður sköpuðust í kjölfar afar áhugaverðrar kynningar Hjördísar og henni þakkað fyrir með rauðri rós.

Apríl

Korter í páska var aprílfundur þar sem við litum inn á við og til framtíðar. Einnig deildi Björg Eiríksdóttir með okkur erindi sínu *Kennari í 47 ár. Hvað situr eftir?* Við starfslok við Kársnesskóla fyrir stuttu kvaddi hún samstarfsfélaga með hugleiðingum um kennsluferil sinn ásamt gullmolum og góðum heilræðum. Mikið sem það var gaman að hlýða á reynslumikla Gammakonu segja frá starfsferli sínum í máli og myndum. Erindi Bjargar var sögulegt, skemmtilegt, uppörvandi og stútfullt af góðum verkfærum fyrir kennarastarfið.



Það er mikill mannauður sem býr í deildinni okkar og var seinni hluti fundarins helgaður spjalli milli kvenna í litlum hópum, bæði til að kynnast nánar og ræða um tilgang og markmið með starfinu innan DKG.

Mái

Á næsta leiti er vorfundur deilarinnar sem einnig er aðalfundur. Hann verður haldinn hátíðlegur við Nauthólsvíkina. Með sjávarfangi og undir fögrum tónum mun núverandi stjórn kveðja og ný taka við. Þegar þetta er ritað er svalur andvari á björtum kosningadegi og sönggleði Evrópu mun hljóma með kvöldinu.


Megi systur hvar sem er njóta sín.

*Edda Pétursdóttir,
formaður Gammadeildar*

Delta

Delta-deild hefur náð að halda uppi öfluggu starfi í vetur þrátt fyrir að krúmlur covid hafi enn haft áhrif sérstaklega í byrjun árs.

Við höldum fyrsta fund vorannar 16. febrúar. Fundurinn var haldinn í Reykholti í Borgarfirði en Jónína Eiríksdóttir tók á móti hópnum í gamla



héraðsskólanum sem nú geymir varaeintakasafn Landsbókasafns Íslands. Hún er eini starfsmaður þess safns, sem sinnir því reglulega á staðnum.

Hlutverk safnsins að varðveita prentuð íslensk gögn, ætluð almenningi, einnig prentanir erlendis. Í gildi eru lög um skylduskil og safnið er einn af varðveislustöðum þjóðarinnar, lokaður almenningi. Varaeintakasafnið er fyrst og fremst til varðveislu og er því afnot almennings af gögnum þess óheimil. Heimsóknin var afar athyglisverð og gleymdum við okkur við að skoða ýmislegt skemmtilegt sem við sáum á safninu. Eftir að hafa fræðst um safnið og farið um allar hæðir og fengið innsýn inn í starfsemina var haldið að heimili Jónínu þar sem formlegur fundur fór fram.

Sjöfn G Vilhjálmsdóttir sagði okkur á áhugaverðan hátt frá uppvexti sínum undir liðnum „Hver er ég?“ en Sjöfn er leikskólakennari, alin upp í vesturbæ Kópavogs í nálægð við náttúru, við frjálsan leik og mikla þátttöku í félagslífi, s.s. skíðaiðkun, skátastarfi og sundi en seinna gerðist hún formaður sundfélagsins og þjálfari. Nú er Sjöfn leikskólastjóri og bóndi á bænum Ásgarði í mynni Reykholtisdals. Mjög

áhugaverð frásögn og Sjöfn er sannarlega öflug kona sem hefur mikla og fjölbreytta reynslu í farteskinu.

Ásta Egilsdóttir flutti okkur orð til umhugsunar og gaf hún okkur innsýn inn í líf sitt eftir formleg starfslok sem kennari í Grundaskóla. Í innleggi sínu sagði hún frá því hvernig hún leggur áherslu á að halda virkni og heilbrigðum lífstíl til þess að njóta þriðja æviskeiðsins og allra tækifæra sem felast í því. Hún sagði einnig frá verkefni sem hún hefur verið að vinna með Jóhönnu Karlsdóttur Deltakonu. Þriðja æviskeiðið, það er tiltölulega nýtt hugtak sem nú fær sífellt meiri athygli enda er þessi hópur í vexti og mikil auðlind og fólk á þessum aldri vill láta gott af sér leiða og njóta lífsins þrátt fyrir starfslok. „Helgi steinninn“ hefur fengið nýtt viðmið.

Við Deltakonur höfum haft þá hefð undanfarin ár að hafa *bókafund* sem fyrsta fund eftir áramót. Það hefur verið mjög skemmtilegt. Þetta árið ákváðum við að taka þetta skrefinu lengra og fengum höfund bókar til að koma í heimsókn til okkar. Við lásum allar bókinu: *Þú sérð mig ekki* eftir Evu Björg Ægisdóttur og fengum hana í heimsókn til að til þess að fjalla um verk sín en Eva er fædd og uppalin á Akranesi. Eva hefur skrifað fjórar bækur og eru ritstörfin hennar aðalstarf. Eva sagði frá því hvernig það atvikaðist að hún fór að skrifa og hvernig hún hagar ritstörfum sínum. Eva hefur ríka ástríðu fyrir bókum og ritstörfum og verður spennandi að fylgjast með henni í framtíðinni. Nú þegar hafa bækur hennar verið þýddar á nokkur tungumál og um 200.000 eintök verið seld í Evrópu. Fróðlegt að fá innsýn inn í hvernig bók verður til og hvernig rithöfundur mótast.



Jónína Eiríksdóttir gestgjafi átti auk þess afmæli og sungum við afmælisöng fyrir hana.

Annar fundur vorannar var 24. mars og var hann haldinn á veitingastaðnum Grjótinu á Akranesi. Halldóra Jónsdóttir var með orð til umhugsunar og fjallaði um vináttuna. Hún talaði m.a. um

hvað vináttan er stór þáttur í félaginu okkar og hvað henni finnst ómetanlega dýrmætt að hafa eignast góðar vinkonur í Delta. Hún las falleg ljóð um vináttuna eftir Vilborgu Davíðsdóttur skáldkonu sem lést á síðasta ári, en hún var einmitt félagi í Gamma-deild.

Við fjölluðum um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og fengum góða gesti í heimsókn. Fyrst tók til máls **Vera Knútsdóttir** heimsmarkmiðasérfræðingur (eins og hún titlar sig) en hún kynnti fyrir okkur heimsmarkmiðin sem eru 17 talsins og hversu frábær þau í rauninni eru og hversu margt í þeim er sjálfsagt að samþætta inn í líf okkar og þeirra stofnanna sem við vinnum í. Hún ræddi hugtakið *sjálfbærni*, en það felur í sér mjög margt. Ekki bara að endurvinna, heldur miklu frekar að kaupa minna, nota minna og nýta hluti betur.

Anney Ágústsdóttir leikskólastjóri í Akraseli fræddi okkur um starfið í leikskólanum en hann er eini leikskólinn á landinu sem er svokallaður Unesco-skóli og vinnur markvisst með

heimsmarkmiðin. Anney kom inn á að öll sköpun hjá börnunum byggðist á að endurnýta og vinna efni t.d. í föndri og við gerð gjafa, einnig eru þau mjög öflug að jarðgera og skoða hversu mikill úrgangur fer frá þeim í formi matarafanga og rusls. Hér er svo slóðir þar sem nálgast má alls kyns efni: <https://www.un.is/skolavefur/verdur-heimurinn-betri/> og <https://www.heimsmarkmidin.is/>

Rúsínan í pylsuenda þessa fundar var inntaka nýrra félaga. Gunnhildur Björnsdóttir og



Inga Dóra Halldórsdóttir voru teknar inn í Delta-deild og framkvæmdu Elísabet Jóhannesdóttir, Halldóra Jónsdóttir og Jónína Erna inntökuathöfnina sem var hátíðleg og gott að rifja upp táknið okkar og markmiðin, en nokkuð er síðan að teknir voru inn nýjar konur. Nýju félagarnir eru frábær viðbót í félagið og bjóðum við þær innilega velkomnar í félagsskapinn .

Uppstillingarnefnd hefur verið að störfum og búið er að tilnefna konur í stjórn, en aðalfundur Delta verður í byrjun júní. Áhugavert er hversu starfið hefur gengið vel þrátt fyrir að heimsfaraldur hafi gengið yfir og það hefur styrkt okkar starf að finna samhug og samkennd á þessum erfiðu tímum. Enn og aftur kemur í ljós hve vinátta, trúmennska og hjálpsemi eru okkur mikilvægir þættir í lífinu.

Gleðilegt sumar

Jónína Erna Arnardóttir fráfarandi formaður Delta



Epsilon

Við í Epsilon-deild höldum rafrænan bókafund 16. febrúar og hann var fjörugur og fjölmennur.

Stjórnarkonur hittust á rafrænum fundum og ræddum málin og ákváðum að hópurinn hittist frekar þegar liði á vorið en margar Epsilon systur brugðu sér til útlanda eftir langan vetur og voru hér og þar.

Við höldum aðalfund þann 18. maí sl. í Tryggvaskála á Selfossi og var vel mætt enda voru allar systur glaðar að hitta hvor aðra.

Fráfarandi stjórn þakkaði fyrir sig og ný stjórn er nú tekin við.

Nýi formaðurinn heitir Guðríður Egilsdóttir, framhaldsskólakennari við FSU.

Með kveðju
Ingibjörg Ingadóttir, formaður



Zeta

Við getum sagt að starf deildarinnar á vorönn hafi verið með öðrum hætti en áætlað var og í raun veturinn allur. Hjá okkur hér á Austurlandi kom bylgja heimsfaraldursins nokkuð seinna en á suðvesturhorninu þannig að ekki voru kjör- aðstæður til funda. Á vorönninni höfum við því einungis náð að funda einu sinni en við höldum aðalfund deildarinnar í Vallanesi á Héraði fimmtudaginn 19. maí í dásamlegu veðri á þessum fallega stað.

Áður en formlegur fundur hófst var Eymundur Magnússon bóndi á Vallanesi með framsögu þar sem hann sagði okkur frá starfseminni en allt sem gert er á Vallanesi er á grundvelli lífrænnar ræktunar. Í dag framleiða þau 80 tonn af byggi til manneldis og eru með 20 tegundir tengdar byggi og allar vörurnar sem þau bjóða og selja í dag byggja á því sem þau rækta þ.e. þau vinna uppskriftir sem byggja á þeirra ræktun. Eymundur talaði um að mesta áskorunin væri að breyta neysluvenjum fólks því þær byggi svo mikið á vana og því væri þetta búið að vera ákveðið langhlaup hjá þeim.



Fundurinn var haldinn í Asparhúsinu sem er fyrsta húsið sem alfarið er byggt úr íslensku timbri og var reist 2016 úr öspum sem var plantað í Vallanesi 1986. Útsýnið úr húsinu er yfir akrana sem gefur staðnum heillandi

útlandastemningu og eykur á upplifunina á staðnum. Á fundinum okkar fóru fram venjuleg aðalfundarstörf, Vala setti fund, Guðrún sá um fundarstjórn, Unnur kveikti á kertunum og Jórunn las markmiðin. Unnur var með orð til umhugsunar þar sem hún fjallaði um FOMO (fear of missing out) en börn í dag eru að upplifa þennan ótta mun sterkar en við gerðum á okkar barnsárum og kemur það m.a. til með þeirri sítengingu og áreiti sem er í gegnum snjalltækin, þau eru sífellt að sjá allt það frábæra og skemmtilega sem vinirnir eru að gera og upplifa að þau séu að missa af einhverju. Vala flutti skýrslu stjórnar en hún er nú að ljúka setu í stjórn og Ólafía flutti skýrslu gjaldkera en hún er að láta af störfum og við keflinu mun taka Helga Guðmundsdóttir.



Að lokum var kosin ný stjórn og í henni sitja Unnur Óskarsdóttir formaður, Jórunn Sigurbjörnsdóttir og Ólafía Þórunn Stefánsdóttir meðstjórnendur. Að lokum borðuðu félagskonur saman og áttu saman góða stund áður en þær héldu út í sumarið. Bestu kveðjur frá okkur í Zetadeild með ósk um að sumarið verði ykkur afar gott.

Guðmunda Vala Jónasdóttir formaður
Zetadeildar



Eta

Haldnir voru þrjár fundir á vormisseri. Á fundi ETA deildar þann 8. febrúar sem haldinn var á Kringlukránni voru tvær nýjar systur boðnar velkomnar við hátíðlega athöfn, þær Auður Leifsdóttir, Cand.mag. í dönsku frá Háskóla Íslands og menntaskólakennari og Hulda Karen Daníelsdóttir og formaður þjóðræknisfélags Íslendinga og Snorrasjóðs, en hún sinnir einnig félagsstörfum í sjálfboðavinnu. Á fundinum flutti dr. Anna Magnea Hreinsdóttir aðjunkt við Háskóla Íslands fyrirlesturinn *Sjónarmið barna og áhrif þeirra*, afar áhugaverður fyrirlestur.

Þann 23.mars var haldinn fundur í Hannesarholti. Þá var þriðja ETA-systirin á þessu ári formlega tekin inn, Helga Þórðardóttir, félagsráðgjafi. Dagbjört Ásbjörnsdóttir verkefnastjóri fjölmenningar á skóla- og frístundasviði Reykjavíkur flutti afar áhugavert erindi og fræðandi um málefni og stöðu flóttabarna.

Lokafundur ETA deildar var haldinn í Hannesarholti 19. maí þar sem jafnframt fóru fram stjórnarskipti. Ragnhildur Konráðsdóttir ETA systir flutti orð til umhugsunar og ræddi um síðasta vorþing. Fjallaði Ragnhildur um inntak vorráðstefnu DKG, en þar var lögð áhersla á þróun á námi og fjölbreyttari námsleiðum með aukinni tækninotkun. Þá var komið inn á áhrif Covid á nám, þar sem kennarar urðu að tileinka sér tækni til að geta sinnt nemendum sínum á þessum erfiðu tímum, mikilvægi hláturs, gleði og hómors í samskiptum og á vinnustöðum.

Fráfarandi formaður Björg Kristjánsdóttir las upp fundargerðir síðustu fjögurra ára. Þá var fráfarandi stjórn þökkuð vel unnin störf á krefjandi tímum og ný stjórn boðin velkomin.



Nýju stjórnina skipa þær Ólöf Helga Þór, Jóhanna Telma Einarsdóttir, Hafdís Sigurgeirsdóttir, Ásta Lárusdóttir og Sigríður Heiða Bragadóttir. Í lok fundar var boðið upp á dýrindis máltíð að hætti hússins. Þá gladdi Eyjólfur Kristjánsson söngvari okkur með gítarleik og ljúfum söng og tóku ETA systur vel undir.

Lokafundur okkar var virkilega ánægjulegur eins og alltaf og systur héldu glaðar út í vornóttina.

Ágústa Unnur Gunnarsdóttir ritari ETA deildar



Það er allt gott að fréttu af okkur í Peta deild núna þegar vorið er komið, covid að baki og sumarið alveg á næsta leyti. Þegar við lítum yfir veturinn erum við í stjórninni bara sáttar. Við höfum haft fimm fundi í vetur, sá fyrsti var í september og þá fengum við til okkar Árelíu Eydísi Guðmundsdóttur með fyrirlestur um bækurnar sem hún hefur skrifað og gefið út. Einnig sagði hún okkur frá lífinu og tilverunni sem kona í fræðslustörfum. Næsti fundur var í október og var tileinkaður skólasögu Suðurnesja og var haldin í Vogum á Vatnsleysuströnd og var meðal annars skoðað skólasögusafn sveitarfélagsins og Kálfatjarnarkirkja undir leiðsögn heimafólks. Hefðbundinn jólafundur var haldinn í lok nóvember og var ljúfur og notalegur að vanda.

Frá áramótum hafa verið tveir fundir, hefðbundnum bóka fundi sem venjulega er í janúar var frestað vegna covid að ósk félagskvenna. En var þess í stað haldinn í byrjun mars í húsakynnum Fjölbrotaskóla Suðurnesja þar sem Elín Ólafsdóttir námsráðgjafi og félagskona kynnti nýja viðbyggingu við skólann. Að þessu sinni kynntu félagskonur þær bækur sem þær hafa lesið og hrifist af. Gaman var að sjá fjölbreytnina í valinu og var tekinn saman leslisti sem dreift var til Peta systra.

Seinni fundurinn var 26. apríl og haldinn á efri hæð Byggðasafns Suðurnesjabæjar út við Garðaskaga. Yndislegur staður með útsýni til allra átta. Gestir fundarinn voru Eiríkur

Hermannsson, sagnfræðingur og Eva Björk Sveinsdóttir, skólastjóri Gerðaskóla. Þau fjölluðu um skólahald í Garðinum að fornu og nýju. Sú skemmtilega nýbreytni var á fundinum að Peta systur buðu með sér gestum til að kynna félagið, og var það ánægjuleg viðbót. Vonandi mun eitthvað af gestunum koma fljótlega inn í deildina.

Stjórn ákvað að fyrirhugaðri vorferð væri frestað að sinni.

Nú þegar þetta er skrifað verður aðalfundur deildarinnar haldinn á morgun 18.maí. Mikil endurnýjun verður í stjórn og nýjar félagskonur koma sterkar inn og óska ég þeim velfarnaðar Að lokum kæru félagskonur í Delta Kappa Gamma njótið lífsins og íslenska sumarsins.

Ingibjörg Bryndís, fyrrverandi formaður Peta deild



Kappa

Kappadeildin hefur lagt sig fram um að funda reglulega og halda dampi þrátt fyrir eftirköst heimsfaraldurs núna á vorönn 2022. Unnið hefur verið með þema landssambandsins með undirtitli deildarinnar „Leiðtogar skapa heim og hafa áhrif“. Þar höfum við rýnt í leiðtogahlutverkið, m.a. í störfum okkar, og mikilvægi þess að vera skapandi í eigin lífi og leitast við að hafa áhrif til góðs. Allir fundir vetrarins hafa verið staðfundir sem er mikil breyting frá fyrra ári, og aðeins einn fundur verið felldur niður.



Jólafundur var haldinn 9. desember og þar fengu Kappakonur kynningu á bók Sigrúnar Helgadóttur líffræðingi um *Sigurð Þórarinsson - Mynd af manni*. Þar er dregin upp mynd af fjölhæfum og áhrifamiklum vísinda- og alþýðumanni sem hafði mikil áhrif á íslenskt samfélag. Stuttu síðar hlaut höfundurinn hin íslensku bókmenntaverðlaun í flokki fræðiritar, og kom það engri konu á óvart.

Fjórði fundur ársins var bókafundur sem haldinn var í lok janúar og mættu 22 konur á fjarfund þar sem kynntar voru margar bækur að venju. Allar bækurnar sem framsögukonur völdu fjölluðu á



einhvern hátt um líf og kjör kvenna og hvernig þær mættu órétti og erfiðleikum hvar sem þær voru staddar í samfélaginu og í raun út um allan heim. Á þessum fundi var hafinn fyrir alvöru undirbúningur að inntöku nýrra félagskvenna í deildina eins og félag- og útbreiðslunefnd hafði lagt til. Unnið var að inntöku nýrra kvenna á vorönninni en fyrirhugað er að fjölga um fjórar til fimm nýjar konur og verða Kappakonur þá í lok starfsársins líklega 30 talsins. Í mars hafði verið undirbúinn sameiginlegur fundur með Lambda deild og búið að fá fyrirlesara frá Landvernd til að ræða umhverfismál og grænar áherslur. Þegar allt var klappað og klárt náði kórónaveiran í skottið á helstu skipuleggjendum og fresta þurfi fundi í þágu þess að mynda hjarðónæmi fyrir þjóðina.

Á sjötta fundi var fjallað um raunfærnimat í atvinnulífinu og síðan var boðað til aðalfundar 18. maí. Orð til umhugsunar er alltaf á sínum stað í dagskránni og erindin hitta alltaf beint í hjartastað.



Stjórn þessa starfstímabils var kosin á aðalfundi vorið 2020 og verður þessarar stjórnar kannski minnst sem fjárfundastjórnarinnar (eða heimastjórnarinnar), þ.e. ef óværan lætur ekki á sér kræla aftur. Kappakonur hafa sýnt mikinn sveigjanleika til að hittast á þessum óvanalegum tímum og um leið dýpkað þekkingu sína á, ekki bara tæknilegum málum, heldur líka á mikilvægi vináttunnar. Framundan er kosning nýrrar stjórnar og upphaf nýs starfstímabils eftir vonandi sólríkt og friðsamt sumar.



Hulda Anna Arnljótsdóttir, formaður



Lambda

Á vorönn 2022 voru haldnir tveir félagsfundir hjá Lambda-deild. Sá fyrri í Gerðubergi miðvikudaginn 16. mars kl. 17.00. Mættar voru níu félagskonur og sex gestir auk Guðrúnar Eddu Bentsdóttur, forseta DKG sem komin var til að fræða félagskonur og gesti þeirra um félagið.

AlmaDís Kristinsdóttir var með orð til umhugsunar en kveikjan að orðum hennar var sótt í kvæði Laxness *Dáið er allt án drauma* sem lesið var upp í hlaðvarpi Gljúfrasteins. Draumur Ölmudísar vaknaði við hlustunina um að koma upp sambærilegu hlaðvarpi um Listasafn Einars Jónssonar þar sem hún er safnstjóri. Hún tengdi ljóðið líka hörmungunum í Úkraníu og mikilvægi þess að missa ekki vonina og láta sig dreyma bjartari tíma. Þá vék hún að styrkumsóknum sínum þegar hún var í doktorsnáminu. Vonin og þrautseigjan hélt henni við við efnið svo hún gæti fjármagnað doktorsnámið og lokið því og hún sagði frá því að DKG veitti henni styrk til námsins sem hún lauk árið 2019. Styrkir eins og samtökin veittu Ölmudís eru til þess að viðhalda draumunum. Í dag situr hún í námsstyrkjanefnd samtakanna hér á landi.

Guðrún Edda Bentsdóttir forseti landsambands DKG á Íslandi hóf kynningu sína með því að rekja söguna á bak við veru sína í samtökunum. Því næst fór hún yfir upphaf og hlutverk samtakanna sem voru stofnuð í Austin í Texas í Bandaríkjunum árið 1929. Hlutverk DKG er að stuðla að auknum fræðilegum og persónulegum þroska kvenna í fræðslustörfum og gæðum í menntun og uppeldisstörfum. Þá fór

GEB yfir heiti og tákni samtakanna. Heitið Delta Kappa Gamma er fengið úr gríska stafrófinu og er skammstöfun fyrir þrjú grísk orð: Didascotiiki sem merkir **kennari**. Kleidouchi sem merkir **lykill** og Gynaikes sem merkir **konur**. Birna Þakkaði Guðrúnu Eddu Bentsdóttur fyrir kynninguna, færði henni rós að þakklæti fyrir framlag til fundarins.

Loks var orðið látið ganga og félagskonur sögðu frá persónulegum ávinningi með veru sinni í samtökunum og að lokum kynntu þær sig hver og ein í stuttu máli áður en fundi lauk.

Síðari félagsfundur Lambdadeildar á vorönn sem jafnframt var inntöku- og aðalfundur var haldinn 4. maí kl. 17.00 á Menntavísindasviði HÍ við Stakkahlíð.

Formaður Jódís Káradóttir hóf fundinn með því að þakka Kristínu Jónsdóttur deildarforseta í kennslu og menntunarfræðum við HÍ og DKG systur fyrir móttökuna og í framhaldi setti hún fund með því að kveikja á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. Eftir nafnakall var Ingibjörg Einarsdóttir úr Gamma deild boðin sérstaklega velkomin og henni þakkað fyrir að aðstoða og leiðbeina stjórninni við inntöku nýrra félaga.

Kristín Jónsdóttir deildarforseti við HÍ var með orð til umhugsunar. Þar velti hún upp áhrifum nýrra laga frá 2019 um hæfni, menntun og ráðningum kennara og stjórnenda á þróun kennaramenntunar og kennarastarfa. Eftir ræðu Kristínar var henni færð rós fyrir framlag til fundarins.



Inntaka. Formaður kynnti nýjar félagskonur sem hafa ákveðið að gerast félagar í alþjóðasamtökunum Delta Kappa Gamma. Þær eru: Alla Dóra Smith, Hólmfríður Steinunn Sveinsdóttir og Særún Albertsdóttir

Að inntöku lokinni voru þeim færðar rósir.



Aðalfundur. Formaður fól lðunni Antonsdóttur fundarstjórn og gengið var til hefðbundinna aðalfundarstarfa. Sigurborg Kristjánsdóttir tekur við sem formaður og lðunn Antonsdóttir er áfram gjaldkeri deildarinnar. Nýjar í stjórn eru Björg Melsted og Steingerður Kristjánsdóttir, Ólaía Guðmundsdóttir heldur áfram í stjórn. Nýkjörin stjórn var samþykkt með lófataki.

Eftir fundarslit settust félagskonur niður og spjölluðu góða stund áður en lagt var af stað á Nauthól til samveru og kvöldverðar.

F.h. stjórnar og með sumarkveðju

Birna Sigurjónsdóttir



Mý

Einungis tókst að halda einn fund hjá deildinni frá áramótum í byrjun mars. Vorfundur deildarinnar er áætlaður 11. maí að Ásum í Eyjafirði. Fundurinn er jafnframt aðalfundur og þá fara fram stjórnarskipti.



Fundur Mý-deildar var haldinn í Laxdalshúsi á Akureyri þriðjudaginn 1. mars og var að venju bæði fræðandi og skemmtilegur og konur fagnar að geta loks farið að hittast á ný.

Kvöldið hófst með því að Kristín Irene varaformaður setti fund í fjarveru Katrínar formanns. Eftir það bauð Jónína Björg Helgadóttir myndlistarkona konur velkomnar í Laxdalshús þar sem hún og Magnús Jón Magnússon eiginmaður hennar reka fyrirtækið Majó. Hún sagði félagskonum í stuttu máli frá því hvernig það kom til að þau hjónin hófu rekstur og vinnustofu í þessu aldagamla húsi -

Laxdalshúsi. Magnús er matreiðslumaður sem framreiðir þá rétti sem á matseðlinum eru og hún nýtir afganginn af húsinu sem vinnustofu og sýningarsal. Í framhaldi af



því var borðað dýrindis sushi sem Magnús kynnti vel fyrir fundarkonum.

Ragnheiður Björk fór með Orð til umhugsunar. Þar sagði hún okkur frá námi sinu í gyðjufræði/gyðjumenningu. Það er nám sem snýst um konur í mannkynssögunni og varpar ljósi á hversu mikið þær hafa verið skrifaðar út úr sögunni. Mjög hressandi fræðsla um mikilvægi kvenna og í raun beggja kynja í stjórnun í öllum samfélögum.

Að lokum fór Jónína með félagskonur í skoðunarferð um húsið. Það var reglulega gaman að sjá hvernig þau nota húsið og fá að sjá listaverkin hennar.



Katrín Fjóra Guðmundsdóttir formaður Mý deildar



Ný

Vorstarf NU deildar hófst með rafrænum bóka fundi 10. janúar. Þar mættu nokkrar konur og ræddu um þær bækur sem þær höfðu lesið undanfarið. Þetta var virkilega notaleg stund og þær sem mættu skemmtu sér mjög vel.

Næsti fundur hafði verið áætlaður í raunheimum en þar sem smitum hafði fjölgað mikið á svæðinu fannst stjórninni ekki réttlæt看legt að konur sem ynnu á svona víðfeðmu svæði og á mörgum vinnustöðum tækju áhættuna af því að bera smit á milli svæða. Því var ákveðið að hafa rafrænan fund 14. mars. Fyrir fundinn höfðu konur verið beðnar um að segja frá einhverju sem hafði veitt þeim innblástur í starfi. Það kom í ljós að það var enginn hörgull á sögum og sem dæmi má nefna fengum við að heyra um stjórnunarnám við Símennt HA, samskiptanámskeið sem heitir KVAN, hljóðasögur og Herdísí Egilsdóttur, ljóðaverkefni þar sem nemendur gerðu sitt eigið ljóðaslamm en þá yrkir fólk ljóð og flytur það síðan í frjálsum flutningi, við heyrðum einnig um verkefni sem heitir Climm og fjallar um samvinnu í fjölmenningarlegu samfélagi, fjöruferð, námskeiðið Framhaldsskólakennarinn á krossgötum, kennslu í covid og áhrif þess á nemendur, úrskurð Persónuverndar varðandi Seesaw og tæknikynslóðina svo eitthvað sé nefnt. Eins og sjá má af þessari upptalningu voru umræðuefnin mörg og fjölbreytt og voru allar sem mættu sammála um að þetta hefði verið sérlega fróðlegur og góður fundur þar sem allar lögðu eitthvað að mörkum en fengu einnig mikið út úr honum.

Þann 7. apríl héldum við fund í húsnæði Grunnskóla Húnaþings vestra á Hvammstanga. Eftir að fundur hafði verið settur gæddum við



okkur á snittuhlaðborði og síðan var stutt kynning á samtökunum þar sem viðstaddur var boðsgestur. Við fengum síðan lítil páskaegg og lásam málshættina. Við fengum frábæra skoðunarferð um skólann þar sem margar okkar höfðu ekki komið þar áður. Við byrjuðum á í gamla hluta skólans og færðum okkur svo í nýju viðbygginguna en hluti hennar hafði þegar verið tekinn í notkun. Síðasti hlutinn var vígður að viðstöddum Forseta Íslands þann 26. apríl síðastliðinn.

Það var gaman að skoða skólann og er öll aðstaða til fyrirmyndar. Nýja viðbyggingin mun síðan bæta aðstöðuna enn frekar og er ástæða til að samfagna sveitarfélaginu með áfangann

Að lokum fengum við sérlega gómsætan eftirrétt.



Lokafundur ársins var haldinn 16. maí. Byrjað var á því að hittast í Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi. Þar fengum við kynningu á safninu ásamt fordrykk og puttamat. Eftir skoðunarferð og skemmtilega fræðslu héldum við í Húnavallaskóla en hann er staðsettur utan við Blönduós og fannst okkur tilvalið að fara þangað þar sem ráðgert er að leggja skólahald þar af eftir 1-2 ár. Hótel er starfrækt í heimavistinni við skólann allt árið og fengum við fræðslu um skólann og skoðunarferð en auk þess voru hefðbundin aðalfundastörf.



Við kynntumst einnig Listasmiðju sem starfrækt var í apríl í Varmahlíðarskóla fyrir alla nemendur á unglingastigi í Skagafirði. Við þökkum öllum félagskonum fyrir góðan vetur.

Kristín Guðbjörg Snæland, formaður Ný-deildar





Vorráðstefna DKG 7. maí 2022

Það var bjartur dagur sem upp rann í Reykjavík 7. maí síðastliðinn. Lokins var hægt að halda vorráðstefnu félagsins og félagskonur gátu hist í raunheimi eftir tveggja ára samskiptahlé vegna veirufaraldurs. Mikil var gleðin í hjörtum þeirra þegar þær birtust hver af annarri til að fagna samverunni. Mesta tel ég þó gleðina hafa verið hjá þeim sem eldri voru og hafa ef til vill þurft að sæta meiri einangrun en þær sem enn eru starfandi á vinnumarkaði. Gleðin og faðmlögin voru innileg og sönn. Ráðstefnan sjálf sem haldin var í salarkynnum Grand Hótelis var í alla staði glæsileg hvert sem auga var litið. Umgjörðin var falleg, veitingarnar frábærar og erindin sem flutt voru afskaplega áhugaverð, bæði metnaðarfull og upplýsandi. Efalaust hafa margar konur farið heim með hugmyndir og hvatningu í farteskinu.

Dagskráin sjálf hófst á hefðbundinn hátt undir stjórn forseta, Guðrúnar Eddu, sem kynnti dagskrána; Aníta kveikti á kertum og ný stjórn var kynnt. Guðrún Edda sagði skemmtilega og fallega sögu af því hvers vegna hún ákvað að ganga til starfa með DKG á Íslandi þegar það bauðst. Hún fór yfir starfið sem nýr forseti og síðan var gengið til dagskrár.

Fyrsta erindið flutti Sólveig Jakobsdóttir úr Kappadeild, prófessor á Menntavísindasviði HÍ, en hennar sérsvið er fjarkennslufræði með áherslu á upplýsingatækni, kennslutækni og margmiðlun. Í erindi sínu fór hún yfir sögu og þróun stafrænnar tækni í skólastarfi á Íslandi. Áhugavert erindi og upplýsandi. Í beinu framhaldi af erindi Sólveigar tók Valgerður Ósk Einarsdóttir, kennsluráðgjafi við HA, við keflinu en erindi hennar var eiginlega framlenging á erindi Sólveigar. Hún greindi frá reynslu sinni við kennslu á netinu á ýmsum skólastigum og skólum og nú sem kennsluráðgjafi. Sérsvið hennar er sveigjanlegt

nám og kennsla gegnum netið. Erindi hennar var bæði upplýsandi og hvetjandi til umhugsunar um nám í náinni framtíð. Í þessum tveimur erindum sameinaðist fortíð og nútíð en það gaf af sér skemmtilega heildarsýn yfir; hvar við vorum og hvar við erum. Þriðja erindið var svo frá alþjóðlega fyrirlesaranum, Gail Goolsby, frá Bandaríkjunum. Hún flutti erindi sitt gegnum Zoom fjarfundabúnaðinn. Saga hennar var áhugaverð og vakti upp ýmsar tilfinningar hjá gestum. Starf hennar og eiginmannsins á árum þeirra í Kabúl í Afganistan er aðdáunarvert. Vert er að vekja athygli á bók hennar, *The Unveiled Truth*, þar sem hún lýsir starfinu.

Eftir erindi dagsins voru umræður á hringborðum og skiluðu gestir niðurstöðum á Padlettu sem síðan var birt öllum til athugunar og umræðna. Þá er vert að minnast skemmtiatriða. Forföll urðu hjá þeim sem tóku að sér tónlistarflutning en þá kíkti forsetinn okkar bara í handraðann og töfraði fram tvær konur úr eigin DKG ranni. Þetta voru Soffía Vagnsdóttir Kappadeild sem spilaði á harmonikku og Ingibjörg Ingadóttir Epsilondeild sem stjórnaði fjöldasöng. Vakti það mikla gleði gesta og sumar skelltu sér í dans með. Annað skemmtiatriði var fyrirlestur Eddu Björgvins sem fjallaði um jákvæða sálfræði og hómur í daglegu lífi og starfi. Erindi hennar var góð blanda af alvarleika og gríni og mörg voru ráðin til heilla til að taka með sér heim.

Ráðstefnu var síðan formlega slitið með því að Ingveldur Elsa Guðmundsdóttir var formlega kvædd með rós og nýjar konur boðnar velkomnar til starfa, einnig með rós. Þá var haldið í annan sal þar sem boðið var upp á léttar veitingar og spjall. Þar nutu félagskonur samskiptanna og fóru allar heim með bros á vörum og sól í hjarta.

Sauðárkrókur, 20.05. 2022 Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir, ritari



Markmið samtakanna eru:

- Að efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum/fræðslustörfum víðsvegar í heiminum.
- Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju sviði menntamála/fræðslumála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
- Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
- Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
- Að veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan samtakanna.
- Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
- Að fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnmálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

Stefnuyfirlýsing Delta

Kappa Gamma:

*Alþjóðasamtökin Delta
Kappa Gamma stuðla að
auknum fræðilegum og
persónulegum þroska kvenna
í fræðslustörfum og gæðum í
menntun og uppeldisstörfum.*



Heimasíðan okkar er:

<http://dkg.is>

Heimasíða EvrópuForum er:

<http://dkgeurope.org>

Heimasíða alþjóðasamtakanna er:

<http://dkg.org>